

LAGNING TENGIBRAUTARINNAR ÓÐINSNESS, MILLI BALDURSNESS OG KROSSANESS, AKUREYRI

Ákvörðun um matsskyldu

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning tengibrautarinnar Óðinsness, milli Baldursness og Krossaness á Akureyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag. Deiliskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Akureyrarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. september 2008.

26. ágúst 2008

INNGANGUR

Þann 21. júlí 2008 tilkynnti Akureyrarbær lagningu tengibrautarinnar Óðinsness, milli Baldursness og Krossaness til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. ágúst 2008, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 8. ágúst 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. ágúst 2008. Móttaka umsagna var staðfest af Akureyrarbæ, án athugasemda við þær, með tölvupósti 26. ágúst 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILI

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð tilkynningar kemur fram að framkvæmdin muni ná til um 700 m langs kafla Óðinsness, milli Baldursness og Krossaness. Vísað er til þess að árið 2005 hafi fyrsti áfangi framkvæmda við Óðinsnes frá Hörgárbraut að Baldursnesi verið tilkynntur til ákvörðunar um matsskyldu og ekki talinn matsskyldur.

Áætlað magn fyllingarefna í götu og lagnaskurði sé um 25.000 m³ og séu mögulegar námur, auk efnis sem kemur úr vegskeringum, á Þveráreyrum (efra burðarlag), að Björgum (efra burðarlag) og úr Eyjafjarðará (neðra burðarlag). Gert sé ráð fyrir að framkvæmdasvæði Óðinsness nái um 15 m frá miðlínu brautarinnar.

Áhrif á núverandi landnotkun. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin sé á óbyggðu svæði, sem sé fyrirhugað athafnasvæði og á móts við Baldurshaga muni tengibrautin liggja skammt frá jaðri verndarsvæðis, fólkvangs, í Krossanesborgum. Með fyrirhugaðri legu Óðinsness sé sveigt frá mörkum verndarsvæðisins og hugsanleg áhrif á það minnkuð.

Áhrif á gróður og landslag. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið einkennist af grónu flatlendi milli klapparholta. Framkvæmdin muni skerða gróið flatlendi og einnig verða skeringar í klapparholt.

Áhrif á yfirborðs- og grunnvatn. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að yfirborðsvatn af götunni muni fara annars vegar í niðurföll á umferðareyjum og hins vegar í niðurföll í vegrásum beggja megin götustæðis og síðan í fráveitukerfi bæjarins. Legu götunnar hafi verið breytt m.a. til þess að hugsanleg áhrif á vatnabúskap Hundatjarnar yrðu engin. Einnig muni við framkvæmdina verða leitast við að þetta með jarðvegi svæðið milli Hundatjarnar og vegstæðis til að tryggja vatnabúskapinn enn betur.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á aðalskipulagsupprætti Akureyrar séu engar minjar merktar á framkvæmdasvæðinu. Hins vegar séu í vegstæðinu (St. 680) mógrafir (skrán. nr. Ey-241:011) sem Fornleifavernd ríkisins muni

teikna upp og ljósmynda áður en framkvæmdir fara af stað á því svæði, en ekki sé talin ástæða til frekari skoðunar vegna þessara minja.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin sé í samræmi við Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 og drög að deiliskipulagi Nesjahverfis 2008.

Framkvæmdaraðili telur að áframhaldandi framkvæmd við Óðinsnes muni ekki hafa umtalsverð áhrif á umhverfið og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og hún skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á núverandi landnotkun. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra vekur athygli á að mikilvægt sé að gera ráðstafanir til að lágmarka hættu á jarðvegsfoki vegna framkvæmdanna og einnig að hávaði skuli vera undir viðmiðunarmörkum skv. reglugerðum nr. 933/1999 og nr. 1000/2005. Bent er á að ef komi fram rökstuddar vísbendingar um mengun geti heilbrigðisnefnd krafið framkvæmdaraðila um vöktun m.t.t. umhverfisþátta s.s. vegna mengunar í jarðvegi og vatni, ryks og hávaða.

Umhverfisstofnun tekur undir að með tilfærslu brautarinnar minnki umhverfisáhrif á Krossanesborgir bæði hvað loftgæði og hljóðvist varði. Það sama gildi um hugsanleg áhrif á vatnsbúskap Hundatjarnar, ekki síst fyrir það að leitast verði við að þetta jarðveg milli vegarins og tjarnarinnar til að tryggja vatnabúskap hennar enn betur. Stofnunin bendir á að þó að um athafnasvæði sé að ræða og ekki gildi neinar sérstakar reglur um hávaða á slíkum svæðum, sé rétt að athuga við hönnun tengibrautarinnar hvort ástæða sé til að grípa til mótvægisáðgerða vegna hljóðvistar á hæsta punkti tengibrautarinnar, þar sem hún liggur hvað næst fólkvanginum. Ekki séu gerðar athugasemdir við umfjöllun um efnistöku en bent á mikilvægi þess að í útboðsgögnum verði skýrt tekið fram að efnistaka skuli vera í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins staðfestir að mógrafir á svæðinu hafi verið teiknaðar upp og ljósmyndaðar, sem sé fullnægjandi mótvægisáðgerð og ekki sé vitað um aðrar fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 700 m langs kafla tengibrautarinnar Óðinsness, milli Baldursness og Krossanes og er gert ráð fyrir að framkvæmdasvæðið nái um 15 m frá miðlínu brautarinnar. Áætlað magn fyllingarefna er um 25.000 m³ og mögulegar námur, auk efnis sem kemur úr vegskeringum á vegsvæði, eru á Þveráreyrum, að Björgum og í Eyjafjarðará.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar, náttúrulegt umhverfi og fólkvanginn í Krossanesborgum verði óveruleg þar sem framkvæmdin spilli ekki náttúruminjum eða hafi veruleg áhrif á fornminjar, vistkerfi, landslag eða útivist í Krossanesborgum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Akureyrarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Akureyrarbæjar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning tengibrautarinnar Óðinsness, milli Baldursness og Krossaness á Akureyri sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag. Deiliskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Akureyrarbær og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. september 2008.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson